

Biófréttir

Njósnakrakarnir héldu velli

Nýjar kvikmyndir setja svip sinn á listann yfir vinsælustu kvikmyndirnar í Bandaríkjunum um helgina, án þess þó að velta fjölskyldumyndinni Spy Kids úr efsta sætinu, en mjótt er á mununum. Spy Kids rétt hefur vinninginn yfir sakamálamyndina Along Came Spider, þar sem Morgan Freeman fer aftur í gervi lög- reglumannsins Dr. Alex Cross sem hann lék eftirminnlega í Kiss the Girls. Along the Spider er ekki framhald heldur gerist myndin áður en atburðirnir í Kiss the Girls gerðust. Þess má þó geta að Spy Kids er sýnd í mun fleiri bíósölum. Blow, sem skipar þriðja sætið, er einnig sakamála- mynd, en ólík Along Came Spider að því leytnu til að hún er byggð á sönnum atburðum. Í henni segir frá ævi kókaínsmyglarans George Jung



Blow
Johnny Depp í hlutverki kókaínsmyglarans George Jung.

sem Johnny Depp leikur. Jung er sagður hafa verið fyrstur til að koma eiturfjabaróninum Pablo Escobar í sambönd innan Bandaríkjanna. Mótleikarar Depp eru Penelope Cruz, Ray Liotta og Fanke Potente. Í fjórða sæti er svo þriðja kvikmyndin um Pokémon krílin, Pokémon 3: The Movie.

Kitsch á Kjarvalsstöðum

– Odd Nerdrum opnar sýningu á verkum sínum

Á laugardaginn var opnuð á Kjarvalsstöðum sýning á verkum norska kitsch-málarans Odds Nerdrums. Fjöldi fólks mætti á staðinn til að

berja verk Nerdrums augum enda hafa þau vakið mikið umtal og jafnvel hneykslan. Við opnunina var einnig fluttur stuttur leikþáttur eftir Odd Nerdrum sjálfan þar sem fjallað var á heimspekilegan hátt um muninn á lit og handverki.



Listveldið
Leikararnir Sigurður Karlsson og Arnar Jónsson fluttu stuttan leikþátt eftir Odd Nerdrum þar sem þeir brugðu sér í hlutverk norsku listamannanna Munchs og Nerdrums sjálfs.



Gjörningakonur
Eirún Sigurðardóttir, Sigrún Hrólfssdóttir og Jóni Jónsdóttir úr Gjörningaklúbbnum, sposkar á svip.



Góðir gestir
Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri og Sverrir Guðjónsson söngvari á spjalli.



Forsætisráðherra og frú
Davíð Oddsson forsætisráðherra og eiginkona hans, Ástríður Thorarensen, litu inn á sýninguna áður en þau héldu í afmælisveislu Geirs H. Haarde. Hér ræða þau við Eirík Þorláksson, forstöðumann Listasafns Reykjavíkur.

HELGIN 6. 8. apríl


ALLAR UPPHÆDIR Í ÞÚSUNDUM BANDARIKJADOLLARA.			
FYRRI SÆTI	VIKA	TITILL (DREIFINGARADILI)	FJÖLDI BÍÓSALA
1	1	Spy Kids	3133
2	–	Along Came a Spider	2530
3	–	Blow	2249
4	–	Pokémon 3: The Movie	2675
5	2	Someone Like You	2350
6	3	Heartbreakers	2708
7	6	Enemy of the bGates	1724
8	5	The Brothers	1307
9	8	Crouching Tiger, Hidden Dragon	1628
10	4	Tomcats	2617
11	7	Exit Wounds	2260
12	–	Just Visiting	1590
13	9	Traffic	1339
14	11	Chocolat	956
15	12	The Tailor of Panama	225
16	10	The Mexican	1328
17	20	Memento	120
18	16	O Brother Where Art Thou?	685
19	13	Down To Earth	755
20	15	Hannibal	800



Í góðra vina hópi
Listamaðurinn Odd Nerdrum ásamt Hrafni Gunnlaugssyni leikstjóra og Ástríði Andersen, fyrrverandi sendiherrafrú.

Töffarinn Shaft

Íslenski draumurinn ætlar að verða vinsælasta myndin á myndbandaleigum um páska- ana, haldi hún sínu striki, en hún er aðra vikuna í röð í efsta sæti listans. Íslenski draumurinn er gamanmynd eins og þær gerast bestar. Í öðru sætinu er einnig gaman- mynd, Road Trip, þar sem segir frá nokkrum skólafélögum sem taka sér fimm þúsund kílómetra ferð til að koma í veg fyrir að myndbandsspóla berist til viðtakanda. Ný mynd, Shaft, er svo í þriðja sæti. Um er að ræða



Shaft
Samuel L. Jackson í hlutverki löggutöf- farans Shafts.

endurgerð myndar sem er aðallega þekkt fyrir að vera fyrsta al- vörukvikmyndin þar sem svört lögguhetja var aðalpersónan. Hinn nýi Shaft, sem Samuel L. Jackson leikur, er sami töf- farinn og fyr- irrennari hans. Það er fátt sem kemur honum á óvart – óheildarlegar löggur, eiturfjásalar, vænd- iskonur og annar óþjóðalýður – þetta er hans daglega brauð sem rannsóknarlög- reglumaður í New York. Á góðum degi glímur hann við lögg- ur og glæpamenn sem vilja hann feigan og réttarkerfi sem stýr- ist af peningum en ekki réttlæti.

VIKAN 2. 8. apríl

FYRRI SÆTI	VIKA	TITILL (DREIFINGARADILI)	VIKUR Á LISTA
1	1	Íslenski draumurinn (SAM MYNDBÖND)	1
2	3	Road Trip (SAM MYNDBÖND)	2
3	–	Shaft (SAM MYNDBÖND)	2
4	2	Scary Movie (SKÍFAN)	1
5	4	The Cell (MYNDFORM)	3
6	5	Hollow Man (SKÍFAN)	3
7	6	Nurse Betty (SAM MYNDBÖND)	1
8	8	Play It To the Bone (SAM MYNDBÖND)	1
9	7	Boys and Girls (SKÍFAN)	7
10	–	Loser (SKÍFAN)	11
11	–	Chicken Run (SAM MYNDBÖND)	2
12	13	Coyote Ugly (SAM MYNDBÖND)	5
13	15	Den eneste ene (HÁSKÓLABÍÓ)	6
14	–	Whipped (MYNDFORM)	16
15	11	Friends 7, 9, 12 (SAM MYNDBÖND)	3
16	16	Love, Honour and Obey (HÁSKÓLABÍÓ)	2
17	20	Friends 7, 5, 8 (SAM MYNDBÖND)	3
18	18	X-Men (SKÍFAN)	5
19	–	Titan A.E. (SKÍFAN)	7
20	9	Snatch (SKÍFAN)	3

Þær fegurstu koma úr Grindavík

– litla systir ungfrú Íslands 1999 varð ungfrú Suðurnes

Fegurðarsamkeppni Suðurnesja var haldin í Festi í Grindavík á laugardagskvöldið með miklum glæsibrag, 14 stúlkur tóku þátt að þessu sinni, þar af 6 frá Grindavík. Var dómnefndin í miklum vanda þar sem stúlkurnar voru hver annarrí glæsilegri en niðurstaðan varð sú að Svanhildur Björk Hermannsdóttir, 19 ára Grindavík- urmær, var valin fegursta stúlkun og



Fegurðin á Suðurnesjum
Það var fagur hópur sem keppti um titlana í Festi á laugardagskvöldið.



Litla systir
Svanhildur Björk, fegurðardrottning Suðurnesja 2001. Stóra systir varð fegurðardrottning Íslands 1999.

voru fagnaðarlætin mikil. Í öðru sæti lenti Hrund Ottósdóttir, einnig úr Grindavík, og þriðja sætið hlaut Hulda María Jónsdóttir úr Keflavík og auk þess var Gerður Björg Jónsdóttir úr Grindavík valin besta ljósmyndafyrirsætan og fara þær allar í keppnina um ungfrú Ísland. Er óhætt að segja að stúlkur úr Grindavík hafi staðið sig vel í keppninni. Þá var María Rut Sörensen valin vinsælasta stúlkun og

hlaut Svanhildur Björk einnig titilinn Gallery-förðunarstúlkun og líka netstúlkna Suðurnesja. Systir Svanhildar Bjarkar, Guðbjörg Hermannsdóttir, var fegurðardrottning Íslands árið 1999 eftir að hafa unnið titilinn ungfrú Norðurland. Hulda María Jónsdóttir úr Keflavík fékk titilinn K-sport-stúlkun og Gerður Björg Jónsdóttir úr Grindavík Studio Huldu-stúlkun og Orobles- stúlkun var valin Þóra Jónsdóttir úr Vogunum.